



## Skýrsla

# Um starfsemi Tónlistarskóla Ísafjarðar skólaárið 2018-2019

## Nemendur

### Alls stunduðu nám við skólann á skólaárinu um 306 nemendur.

Innritaðir hljóðfæra- og söngnemendur í einkatímum voru 193 en 23 nemendur voru í forskóla Tónasmiðju, Trommusmiðju eða samspili í Frístundinni. Í kórum skólans voru 43 nemendur, unglingsöngdeild 18, lúðrasveit 25. Félagar í Lúðrasveit og kórum eru yfirleitt ekki skráðir í einkatíma. 24 Leikskólabörn í Eyrarsól komu tvisvar í viku í Tónlistarskólann. Kór, forskóli, leikskóli, unglingsöngdeild og lúðrasveit teljast sem hálfir nemendur. Reiknaður nemendafjöldi er því  $193+67= 260$

Námsframboð var fjölbreytt að vanda. Flestir lærðu á píanó (62) og gítar og bassa (32), en einnig var kennt á fiðlu (20), blokkflautu (11), þverflautu (1), klarinett (6), saxófón (3), Básúnu (1), trompet (5), tenórhorn (1), slagverk (22) söngur (22). Þá var yngstu börnunum boðið uppá forskólakennslu (29) í hóptímum. Í grunnstigi stunduðu 165 nemendur nám, miðstigi 11 nemendur og framhaldsstigi 5.

## Starfsfólk

Stöðugildi í kennslu og stjórnun voru 12.78% í lok vorannar.

### Kennarar og skólastjórnendur:

#### Fastráðnir kennarar:

Andri pétur Þrastarson, gítar og raftónlist

Ágústa Þórólfsdóttir, píanó

Beáta Joó píanó

Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri tónfræðigreina, kórstjórn, söngur, fræðagreinar

Dagný Arnalds, starfandi skólastjóri til áramóta í veikindaleyfi Ingunnar, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórn á Flateyri

Ingunn Ósk Sturludóttir skólastjóri, var í veikindaleyfi til áramóta.

Iwona Frach, píanó, meðleikur, tónfræðigreinar á framhaldsstigi  
Janusz Frach, fiðla, kammertónlist, hljómsveitarstjórn  
Jón Gunnar Biering Margeirsson, deildarstjórn Þingeyri, gítar, fræðakennsla og rytmískt samspil  
Jón Mar Össurason, slagverk  
Lech Szyszko, ýmis tréblásturhljóðfæri, gítar, samleikur  
Madis Mäekalle, tré- og málmblásturshljóðfæri, blásararhópar, lúðrasveitir  
Rúna Esradóttir, forskóli, fræðagreinar, píanó, umsjón með leikskólahópi, kór  
Sara Hrund Signýjardóttir, deildarstjóri Suðureyri, gítar píanó, slagverk  
Sigrún Pálmadóttir, aðstoðarskólastjóri í 25% hlutfalli til áramóta í veikindaleyfi Ingunnar, söngur, samsöngur

### **Aðrir starfsmenn:**

Finney Raket Arnadóttir, ritari og aðstoðarskólastjóri í 25% starfshlutfalli til áramóta í veikindaleyfi Ingunnar.

Guðrún Eyjólfadóttir, ræstingar og húsvarsla (100% starf)

Pétur Ernir Svavarsson undirleikari söngdeildar, stundakennari.

Kristín Harpa Jónsdóttir undirleikari söngdeildar, stundakennari um vikuskeið.

Ingunn Ósk Sturludóttir skólastjóri kom aftur til starfa um áramót eftir 10 mánaða veikindaleyfi. Eins og að ofan segir var Dagný Arnalds starfandi skólastjóri í leyfi Ingunnar. Sigrún Pálmadóttir og Finney Raket Arnadóttir sinntu starfi aðstoðarskólastjóra hvor um sig í 25% hlutfalli.

## **Kennslufyrirkomulag**

Kennt er eftir Aðalnámsskrá tónlistarskóla sem gefin er út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Stefnt er að því að allir nemendur fái 60 mínútur í einkakennslu á viku. Yngstu byrjendurnir (8 ára og yngri) fá þó í einhverjum tilvikum 40 mínútur í einkakennslu á viku, oftast 2x20 mínútur og er sú ákvörðun tekin í samráði við kennara og foreldra. Söngnemendur fá þjálfun í söng með undirleik í sérstökum samsöngstímum en þegar þeir hafa lokið grunnstigi geta þeir fengið sérstaka undirleikstíma, nemendur í miðnámi og nemendur í framhaldsstigi fá 30 mínútur á viku.

Nemendur sem hafa lokið grunnprófi á eitt hljóðfæri og sýnt fram á sérstakan áhuga og iðni geta fengið að læra á annað hljóðfæri – 30-40 mínútur á viku.

Forskólakennsla fer fram í hóptímum og það sama á við um tónfræðikennsluna.

## **Tónfræðigreinar**

### **Tónfræði til grunnprófs**

9 ára nemendur læra fyrsta hluta tónfræðinnar, Opus 1 í hóptímum og hljóta þar undirbúning fyrir Hlustun og greiningu.

Eftir 1. hluta býðst nemendum samþætt grunnnám í tónheyrn og greiningu í hóptímum og geta þeir lokið því á 2-3 árum.  
Grunnpróf er samsett úr 3. hluta tónfræðinnar, Hlustun og greiningu I-II auk valverkefnis.

### **Miðnám/framhaldsnám – Tónheyrn, hljómfraði**

Grunnpróf og miðpróf í hljóðfæraleik öðlast ekki gildi fyrir en samsvarandi tónfræðiprófi er náð. Nemandi fær ekki að taka miðpróf í hljóðfæraleik/söng fyrir en grunnprófi í tónfræði er lokið og ekki framhaldspróf í hljóðfæraleik/söng fyrir en miðprófi í tónfræðigreinum er lokið. Nemendur á mið- og framhaldsstigi sækja sérstaka tíma í tónheyrn og hljómfraði, enda er slík kunnátta forsenda fyrir því að fá nám metið á tónlistarbraut og fyrir inngöngu í listaháskóla.

## **Próf – Námsmat - Jöfnunarsjóður**

Tónlistarskólinn leggur meiri áherslu á þátttöku nemenda í tónleikum en prófum enda koma nánast allir nemendur skólans fram á tónleikum sem koma þannig að hluta í stað prófanna.

Alls luku 77 nemendur skólans stigsprófi eða áfangaprófi á skólaárinu.

9 nemendur þreyttu **áfangapróf** (grunnprófi) á ýmis hljóðfæri og náðu allir prófunum. 2 nemendur voru með ágætiseinkunnina 9 eða ofar. Hæstu einkunn hlaut Patrycja Janina Wielgosz píanónemandi eða 9,3. Prófdómarar voru skipaðir, valdir og sérþjálfaðir af **Prófanefnd tónlistarskóla**.

Þá luku 9 nemendur stigsprófum á hljóðfæri sín aðallega 1. og 2.stigi. Prófdómarar á stigsprófum eru kennarar í skólanum.

58 nemendur tóku hlutapróf í tónfræðigreinum og 1 lauk miðprófi tónfræða.

Flestir nemenda sem ekki tóku stigs eða áfangapróf tóku vorpróf sem skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri sátu.

Allir nemendur fá vetrareinkunnir fyrir ástundun og árangur á skólaárinu sem byggist á framförum þeirra yfir árið og frammistöðu á tónleikum.

Þess má geta að mjög mikilvægt er að nemendur ljúki áfangaprófum, þ.e. miðprófi í hljóðfæraleik og grunnprófi í söng. Slík próf eru forsenda þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði fyrir kennslu nemenda.

## **Samvinna við aðra skóla**

Tónlistarskólinn hefur mikið samstarf við aðra skóla á svæðinu og tónlistarnemar eru mjög virkir í félags- og menningarstarfi skóla sinna. Það er einnig áberandi hve margir tónlistarnemar skara fram úr í námi bæði í menntaskóla og grunnskóla.

**Samvinna við Grunnskólann** var mikil og góð í vetur sem endranær. Alls voru 90 börn í 1-4. bekk sem sóttu Tónlistarskólann í frístund hvort sem var í forskóla, kór eða í einkatímum á hljóðfæri sín.

Þetta samstarf við Grunnskólann er spennandi verkefni og vafalaust hægt að útfæra á ýmsa vegu og er fullur vilji hjá Tónlistarskólanum til slíks. Gagnkvæmur skilningur milli ólíkra skólagerða er nauðsynlegur og gott samstarf þarf að vera í stöðugri endurskoðun og þróun.

### **Samvinna við Leikskóla**

Árið 2016 þegar Tangi hóf starfsemi sína kjallara skólans hófum við samstarf við þau og höfum boðið nemendum Tanga í söng- og tónlistarstund 2svar sinnum í viku í 2x6 vikna lotum þeim að kostnaðarlausu. Þetta hefur gefist vel og höfum við hug á að halda þessu áfram og jafnvel auka samstarfið.

### **Tónlistarval í Grunnskólanum**

Alls fengu 19 nemendur í 8.-10. bekk Grunnskólans á Ísafirði tónlistarnám metið til eininga í vali, en miklu fleiri stunda þó nám við skólann án þess að hafa tónlistina sem valgrein. Ljóst er að nám þetta sem er Grunnskólanum að kostnaðarlausu hlýtur að vera honum mikil búbót.

### **Tónlistarval í Menntaskólanum - Tónlistarkjörsvið**

Sl.vor fengu 47 nemendur Menntaskólans á Ísafirði metnar einingar fyrir tónlistarnám við skólann. Nýverið var breytt reglum um einingafjölda og fá nemendur nú námið miklu betur metið en áður. Kennslan er Menntaskólanum að kostnaðarlausu.

## **Foreldrastarf**

Skilningur, áhugi og viðhorf foreldra skipta sköpum í tónlistarnámi barna og unglinga, bæði hvað varðar námsframvindu, framfarir og viðhorf nemandans. Tónlistarskóli Ísafjarðar leitast við að hafa gott samband við foreldra, halda foreldrakynningar, senda út fréttabréf og tölvupósta. Ætlast er til að foreldrar sæki alla tónleika þar sem barnið kemur fram og þeir eru ávallt velkomnir í heimsókn í skólann til að fylgjast með kenningu barna sinna.

**Foreldraviðtöl** voru haldnir einu sinni á hvorri önn. Þá eru foreldrar boðaðir í sérstök viðtöl til kennara og fá umsögn og ráðgjöf um framvindu náms barna sinna.

**Fréttabréf** voru gefin út nokkrum sinnum á skólaárinu og ýmist afhent nemendum í skólanum eða send út í tölvupósti. Auk þess voru ýmis minni fréttabréf, sem kennarar afhentu nemendum.

## **Samspil - Samsöngur**

Lögð er mikil áhersla á þátttöku nemenda í samleik og samsöng. Flestir blásaranemendur eru í einni af þremur lúðrasveitum skólans. Tvær strengjasveitir eru starfandi, fyrir yngri og eldri nemendur og komu þær fram á ýmsum tónleikum skólans. Þrjú kórar starfa einnig við skólann, barnakór 1.-4. bekkjar barnakór 5.-7. bekkjar, einnig ýmsir aðrir hópar eftir því sem efni og tækifæri eru fyrir hendi.

### **Eftirfarandi hópar æfa reglulega yfir veturinn:**

Skólalúðrasveit yngri nemenda - skipuð blásaranemendum skólans.

Stj. Madis Mäekalle

Miðsveit Tónlistarskóla Ísafjarðar - skipuð lengra komnum blásaranemendum.

Stj. Madis Mäekalle

Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar - skipuð ýmsum fyrrv. nemendum, kennurum og tónlistarmönnum utan skólans ásamt nokkrum af lengst komnu nemendum.

Stj. Madis Mäekalle

Strengjasveit T.Í. - skipuð lengra komnum fiðlunemendum, - Stj. Janusz Frach

Strengjasveit yngri nemenda - skipuð yngstu fiðlunemendum. - Stj. Janusz Frach

Barnakórar - skipaður nemendum í 1.-4.bekk. stj. Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir/Rúna Esradóttir.

Rytmísk hljómsveit skipuð nemendum á unglingsstigi, - umsjón Jón Gunnar Biering Margeirsson

## **Tónleikahald**

Auk hinnar daglegu kennslu takast kennarar og nemendur á við fjöldamörg önnur verkefni, svo sem umfangsmikið tónleikahald, samæfingar, og tónlistarupptökur af fjölbreyttasta tagi.

### **Samæfingar**

Samæfingarnar eru óformlegir tónleikar, þar sem nemendur fá mikilvæga þjálfun í að koma fram. Þeim hefur fækkað á síðustu árum, þar sem margir aðrir viðburðir hafa bæst í tónleikaflórana og nemendur hafa nú fleiri tækifæri til að koma fram en eru þó enn afar mikilvægur þáttur í starfi skólans. Samæfingar eru haldnar reglulega á miðvikudögum á Ísafirði og í útibúum skólans eftir því sem tækifæri gefast.

### **Jólatónleikar**

Jólatónleikar voru 8 talsins. Fernir tónleikar hljóðfæranema á Ísafirði, tónleikar á Flateyri, tónleikar á Suðureyri og Þingeyri, tónleikar söngnema og öldunga og tónleikar kóra skólans. Þá tóku nemendur þátt í ótal viðburðum tengdum jólahaldinu, s.s. adventukvöldum, við tendrun jólatrjáa í flestum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar, fjölskyldumessu og friðargöngu á Þorláksmessu.

### **Dagur tónlistarskólanna – Miðsvetrartónleikar**

Dagur tónlistarskólanna var að venju haldinn hátíðlegur í febrúar. Haldnir voru tónleikar í Hömrum laugardaginn 9. febrúar og í mars voru haldnir miðsvetrartónleikar

## **Sólrisa 2019**

Ekki voru haldnir sérstakir Sólrisutónleikar að þessu sinni enda höfðu Tónlistarskólamenntskælingar í nægu að snúast við uppsetningu leikritsins Ávaxtakörfunnar, en þar sáu nemendur tónlistarskólans um útsetningar, hljómsveitarspil leik og söng. Nokkrir kennarar skólans voru þeim til aðstoðar.

## **Nótan – uppskeruhátíð tónlistarskólanna**

Svæðistónleikar Nótunnar voru haldnir laugardaginn 23. mars í Borgarnesi, en þar tóku þátt nemendur tónlistarkóla frá Vestfjörðum, Vesturlandi og Norð-Vesturlandi um 60 nemendur í allt. Kennarar T.Í. völdu þrjú atriði til flutnings á svæðistónleikunum á Akranesi. Það voru þau, Marianne Glodkowska, Matilda Mäekalle og Heiður Hallgrímsdóttir (sexhent á píanó), Sigríður Erla Magnúsdóttir (píanó) og barnakór og hljómsveit sem fluttu atriði úr barnaóperunni Kalli og sælgætisgerðin og var mikið í ráðist að senda svo stóran hóp í ferðalag sem krafðist mikillar skipulagningar. Þegar kom að ferðinni suður hamlaði veður för því miður, en þar sem stjórnendum og kennurum skólans er tamt að hugsa í lausnum var Jóhannes Jónsson kvikmyndagerðarmaður kallaður til. Brást hann vel við og tók upp öll atriðin í hljóði og mynd sem síðan voru sendar suður í Borgarnes. Skemmst er frá því að segja að öll atriðin hlutu sérstakar viðurkenningar fyrir framúrskarandi atriði auk þess sem Marianna, Matilda, Heiður og Sigríður Erla voru á meðal þeirra 7 atriða sem valin voru til að koma fram á Lokahátíð Nótunnar sem haldin var í Hofi á Akureyri 6. apríl. Ánægjulegt er að Sigríður Erla var svo ein af þeim 10 sem hlutu sérstaka viðurkenningu á Lokahátíðinni en hún spilaði verk eftir sjálfa sig Prelúdíu sem hún spilaði á flygil.

## **Skólatónleika**

Tónlistarskólinn bauð nemendum í 4. og 8. Bekk Grunnskólans á Ísafirði til sérstakra tónleika í Hörmum sem haldnir voru á skólatíma í apríl. Flytjendur voru nemendur úr þessum bekkjum sem léku fyrir skólafélaga sína. Þessir skólatónleikar eru orðnir að föstum lið í samstarfi skólanna.

## **Vorþytur**

Árlegir fjáröflunartónleikar lúðrasveita skólans voru haldnir í Hörmum miðvikudaginn 8. maí. Þátttakendur voru Lúðrasveit Tónlistarkóla Ísafjarðar, og skólalúðrasveit. Stjórnandi var Madis Mäekalle.

## **Vortónleikar**

Vortónleikar söng- og hljóðfæranema skólans voru með hefðbundnu sniði og voru 9 talsins á Ísafirði og í útibúum skólans.

## **Lokahátíð**

Lokahátíð og skólaslit skólans voru haldin í Ísafjarðarkirkju miðvikudagskvöldið 29 maí með ávörpum, tónlistaratriðum og afhendingu verðlauna. Aðalverðlaun skólans hlaut Pétur Ernir Svavarsson og verðlaun Ísfirðingafélagsins hlaut Sigríður Erla Magnúsdóttir.

## **Virknir nemendur í samfélaginu:**

Nemendur taka virkan þátt í samfélaginu og koma víða fram, bæði á vegum sveitarfélagsins, ýmissa stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, m.a.

Tendrun jólaljósa

Jólatorgsalan á Silfurtorgi

Aðventuhátíðir á Ísafirði, Hnífsdal, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri

Friðarganga á Þorláksmessu

Guðsþjónustur í Ísafjarðarkirkju og víðar

Tónleikar á Fjórðungssjúkrahúsinu

Litlu jólaaldra á Hlíf

Nýársfagnaður aldraðra á Hlíf

Hlífarsamsætið

Stóra upplestrarkeppnin

Sólrisuleikrit Menntaskólans (Ávaxtakarfan)

Árshátíð Grunnskólans á Ísafirði

Setning Skíðavikunnar

Hátíðahöld verkalýðsfélaganna á 1.maí

Skólasetning Menntaskólans á Ísafirði

Jólaútskrift Menntaskólans á Ísafirði

Skólaslit Menntaskólans á Ísafirði

Skólaslit Grunnskólans á Ísafirði og fleiri grunnskóla í sveitarfélaginu

## **Viðburðir á sjötíu ára afmælisári Tónlistarskóla Ísafjarðar**

Sjötugsafmælinu hefur verið fagnað á glæsilegan hátt í vetur. Hver stórviðburðurinn hefur rekið annan. Á afmælisdaginn 11. október var öllum nemendum skólans boðið til afmælisveislu og voru heimabakaðar veitingar í boði Hugarúnar Magnúsdóttur húsfreyju í Vigur. Dýrindis hjónabandssælur og brúntertur. Þá sungu nemendur skólans afmælisöng eftir Jón Ásgeirsson tónskáld bæði fyrir skólann en einnig fyrir Jón sjálfan því hann fagnaði áttæðisafmæli sama dag. Hann fékk kveðjuna á myndbandi.

Kór nemenda og kennara ásamt Sunnukór og Kvennakór Ísafjarðar frumfluttu lagið **Í vöggu lista** eftir Halldór Smárason tónskáld og fyrrum nemanda skólans við texta Steinþórs Kristjánssonar formanns Tónlistarfélags Ísafjarðar. Þessi dagur var einkar gleðiríkur og eftirminnilegur

Laugardaginn 13. október var svo opið hús í Tónlistarskólanum þar sem fjöldi gesta heimsótti skólann, naut tónlistar og þáði glæsilegar veitingar. Síðar sama dag voru Heimilistónar. Fjöldi íbúa á Eyrinni opnuðu heimili sín og var bæjarbúum boðið til stofutónleika þar sem fram komu nemendur, kennarar og annað tónlistarfólk bæjarins. Þetta lífgaði sannarlega uppá bæjarbraginn og var afar vel lukkað.

Í lok nóvember var frumsýnd barnaóperan Kalli og sælgætisgerðin eftir Hjálmar H.

Ragnarsson í leikstjórn Sybille Köll. Er skemmst frá því að segja að sýningin var stórkostleg og uppselt á allar fimm sýningar. Tónskáldið var viðstaddur frumsýningu og var yfir sig hrifinn af kraftmikilli sýningunni. Madis Mäekalle útsetti tónlistina fyrir hljómsveit skipaða nemendum

og kennurum skólans, Beata Joó stjórnaði sýningunni. Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, Dagný Arnalds, Janusz Frach, Jón Mar, Madis Mækalla og Sigrún Pálmadóttir sáu m þjálfun kórs, hljóðfæraleikara og einsöngvara. Páll Loftsson fór með hlutverk afans og Svavar Þór Guðmundsson var sögumaður. Sýningarnar voru fimm og allar fyrir fullu húsi.

Ágúst Atlason myndaði allt ferli sýningarinnar og tók myndir af öllum nemendum og kennurum skólans í tilefni afmælisársins, ómetanlegar heimilidir fyrir framtíðina.

Dagur Tónlistarskólanna var haldinn hátíðlega í febrúar að venju en var smærri í sniðum en undanfarin ár enda nóg af stórum uppákomum þetta skólaár.

Haldnir voru sérstakir hátíðartónleikarí Ísafjarðarkirkju þann 21. mars og Langholtskirkju 24. mars. Þetta voru sérlega glæsilegir tónleikar, við fengum í heimsókn ungversku kammersveitina Müvak sem skipuð er færur tónlistarfólki og kennurum við Tónlistarháskólann í Szeged heimaborg Beötu Joó píanókennara og kórstjóra. Auk hljómsveitarinnar komu fram Hátíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar, einsöngvarar úr röðum fyrrum og núverandi nemenda skólans, það voru þau Aron Ottó Jóhannsson, Herdís Anna Jónassdóttir, Melkorka Ýr Magnúsdóttir, Pétur Ernir Svavarsson, Sigríður Salvardsdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir. Einnig undirrituð og okkar glæsilega söngdívur og söngkennari Sigrún Pálmadóttir. Þetta voru sérlega glæsilegir tónleikar og var hrifning tónleikagesta mikil bæði hér á Ísafirði og í Reykjavík. Leiðari hljómseitarinnar, Ferenc Szeszödi, útsetti alla tónlistina sérstaklega fyrir tónleikana. Beöta Joó sá um öll samskipti við landa sína og stjórnaði Hátíðarkórnum af sinni alkunnu snilld. Þessir tónleikar hefðu ekki orðið að veruleika nema fyrir hennar miklu og óeigingjörnu vinnu.

Núna í lok maí fengum við yndislega heimsókn en það var Skólakórinn fyrrverandi sem kom sá og sigraði í Aðalhátíð Nótunnar árið 2013 en þau héldu tónleika undir stjórn sinnar gömlu kórstýru Bjarneyar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur. Þau þökkuðu fallega fyrir sig undir yfirsíktinni TAKK TÓNÓ. Yndislegir og eftirminnilegir tónleikar fyrrum nemenda skólans.

## **ÝMISLEGT**

### **Heimasíðan**

Heimasíða Tónlistarskólans [www.tonis.is](http://www.tonis.is) þar sem fram koma helstu upplýsingar um starf skólans og helstu upplýsingar hvað varðar skólann. Einnig er skólinn með facebook-síðu með svipuðum upplýsingum og helstu viðburðum.

### **Svæðisþing tónlistarkennara**

Svæðisþing tónlistarskólakennara á á Vestfjörðum fór fram í Hömrum 7.sept. 2018. Fjallað var m.a. um Frumvarp til laga um tónlistarskóla/samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla.



## HÚSNÆÐI SKÓLANS

Tónlistarkennslan á Flateyri fer fram í húsnæði grunnskólanna þar. Nemendatónleikar á Flateyri eru oftast í húsi Arctic Odda.

Tónlistarkennslan á Þingeyri fer fram í Grunnskólanum. Skólinn hefur þar tvö herbergi til afnota og heldur tónleika sína í Félagsheimilinu.

Útibú Tónlistarskólans á Suðureyri er með aðstöðu í Grunnskólanum.

Nemendur útibúa skólans taka virkan þátt í ýmsum uppákomum í bæjunum sínum.

Skólahúsnæðið á Austurvegi 11 er mjög skemmtilegt og hefur mikinn karakter og í tónlistarsalnum Hömrum er hljómburður einstaklega fagur.

Í kjallara Tónlistarskólans eru efstu deildir leikskólanna til húsa. Mikill kostur er að nú eru 3 skólagerðir svotil á sama reitnum og auðveldar það flæðandi starf milli skólagerða sem vonandi mun aukast enn frekar á næstu árum.

## Styrkir til skólans

Skólinn hefur alltaf notið velvilja samfélagsins. Fyrirtæki og einstaklingar hafa styrkt skólann til sérstakra verkefna. Í vetur styrkti DressUppgames Tónlistarskólann sem gerði skólanum kleift að senda nemendur og kennara þeirra til að taka þátt í Uppskeruhátíð tónlistarskólanna Nótunni á Akureyri. Þess ber líka geta að HG hefur ávallt útvegað aðalverðlaun Tónlistarskólans og Ísfirðingafélagið Ísfirðingaverðlaunin. Skólinn og Tónlistarfélagið hlutu styrki frá Uppbyggingarsjóði og Tónlistarsjóði vegna hátíðarhalda á sjötugsafmælis Tónlistarskóla Ísafjarðar. Ísafjarðarbær færði skólanum að gjöf mjög fína stóla fyrir nemendur í tilefni 70 ára afmælisins.

## LOKAORÐ

Eins og við vitum öll stendur Tónlistarskóli Ísafjarðar á gömlum merg. Hlutverk hans er þó ekki endilega að skapa tónlistarfólk heldur ekki síður að efla einstaklinginn og styrkja, kynna honum og kenna tónlist. Tónlistarkennsla ætti í mínum huga í rauninni að standa öllum börnum til boða gjaldfrjálst því í tónlistinni eignast þau vin til lífstíðar. Því reynir skólinn að halda skólagjöldum eins lágum og mögulegt er. Við trúum því að tónlistin sé nauðsynleg, að hún sé mannbætandi og auðgi samfélag okkar. Því hefur aðalmarkmið og stefna skólans ætíð verið sú að ALLIR eigi rétt á og fái tækifæri til að læra tónlist og að efla tónlistarlífið í bænum.

Þegar ég nú skila skólaskýrslu sjötugasta starfsársins kemur upp í hugann saga þeirra sem lögðu grunn að starfi Tónlistarskóla Ísafjarðar með hugsjónir, áræðni og þor að vopni en einnig þeirri vissu að öflugur tónlistarskóli væri samfélaginu nauðsyn og myndi styrkja það í nútíð og til framtíðar. Ekki síður kemur upp í hugann sú ómælda sjálfboðavinna sem velunnarar skólans hafa lagt á sig í gegnum tíðina, hvort heldur sem var með lummubakstri,

skemmtanahaldi eða hverskyns fjáröflun. Þeim ber að þakka hin glæsilegu húsakynni sem skólinn starfar nú í, þeim ber að þakka glæsilegan tónleikasal okkar Hamra, þeim ber að þakka firnagóðan Steinway- flygil sem stendur á sviðinu í Hömrum. Saga Tónlistarskóla Ísafjarðar er margþætt hetjusaga. Ég vona að litla samfélagið okkar og bæjaryfirvöld beri gæfu til að styrkja og efla Tónlistarskóla Ísafjarðar svo næstu kaflar í sögu hans verði jafn magnaðir og þeir sem á undan fóru.

Ísafjörður 10. júní 2019

Ingunn Ósk Sturludóttir, skólastjóri